

Stærðfræði haust 2020

7. bekkur

Helstu bækur og námsefni:

- **Stika 3a nemendabók**
- **Stika 3a æfingabók**

Tímabil	Viðfangsefni	Fastar dagsetningar
24. ágúst - 11. september	Lota 1 Upprifjun. <i>Stöðumat í byrjun september</i>	24. ágúst: Skólasetning 4. september: Starfsdagur 7. september: Foreldradagur
14. - 25. september	Lota 2 Undirbúningur fyrir samræmd könnunarpróf. Eldri próf unnin, hópavinna o.fl.	16. september: Dagur ísl. náttúru 24.-25. september: Samræmd próf
28. september - 16. október	Lota 3 Tölfræði og líkur. Samþætting við upplýsingatækni. Stöðumat við lok lotu	
19. - 23. október	Þrautalausnir. Hópavinna.	
26. október - 13. nóvember	Lota 4 Margöldun og deiling. Stöðumat við lok lotu	11. Skipulagsdagur 12. Foreldradagur 13. Annarleyfi

Námsmat

Námsmat er byggt á leiðsagnarmati. Lokaeinkunn skiptist í:

Kannanir og verkefni 70%

Virkni og metnaður 30%

Viðfangsefni:

Lotur 1 og 2:

- Samlagning, frádráttur, margöldun og deiling
- Mælingar, flatarmál og rúmmál
- Hlutfallareikningur, tölfræði og líkur
- Almenn brot og tugabrot
- Tími, vegalengd og hitastig (negatívar tölur)
- Myndrit, línurit, súlurit
- Form

Lota 3: Tölfræði og líkur

- Tölfræðilegar kannanir
- Súlurit, línurit og skífurit
- Tíðasta gildi, miðgildi og meðaltal

Lota 4: Margföldun og deiling

- Margföldun og deiling, einnig með tugabrotum
- Hlutfallareikningur
- Frumtölur og samsettar tölur
- Reikna dæmi með sviga

Tenging við grunnþætti menntunar

Læsi

Unnið er að því að nemendur öðlist talnalæsi og geti lesið úr töflum og tölum við ýmsar aðstæður. Áhersla verður lögð á að nemendur þjálfist í samskiptalæsi og geti unnið í hópum, komið skoðunum sínum á framfæri og hlustað á skoðanir annarra.

Sjálfbærni

Nemendur vinna hagnýt verkefni sem nýtast við daglegt líf.

Lýðræði og mannréttindi

Kurteisi, ábyrgð og samvinna eru höfð að leiðarljósi. Nemendur eru hvattir til að tjá sig og tekið er mið af skoðunum þeirra og þörfum.

Heilbrigði og velferð

Stuðlað verður að jákvæðum skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði nemenda á sem víðtækastan hátt.

Jafnrétti

Lögð verður áhersla á að hver og einn nemandi fái að njóta sín miðað við eigin þroska, sérstöðu, þarfir, áhuga og styrkleika. Áhersla á umburðarlyndi og víðsýni gagnvart fjölbreytileika mannlífsins s.s. ólíkri menningu, þjóðerni, trúarbrögðum, lífsskoðunum og fleira.

Sköpun

Nemandur eru hvattir til að taka í umræðum og koma fram með mismunandi lausnaleyðir. Umræður um hvað sé líkt með þeim og hvað ólíkt.